

Fundargerð 47. stjórnarfundar Vestfjarðastofu

26. september 2022 kl 12.00.

Fundur haldinn í stað- og fjarfundi

Mætt voru: Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Lilja Magnúsdóttir, Aðalsteinn Egill Traustason, Magnús Ingi Jónsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Kristján G. Jóakimsson, Neil Shiran Þórisson. Elísabet Gunnarsdóttir tók þátt í fundinum í fjarfundi. Aðalbjörg Óskarsdóttir, boðaði forföll með skömmum fyrirvara og ekki gafst tími til að boða varmann í hennar stað.

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri voru starfsmenn fundarins og rituðu fundargerð.

Auglýst dagskrá

1. Skýrsla framkvæmdastjóra
 - a. 6 mánaða yfirlit
 - b. Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2023.
 - c. Mannauðsmál Vestfjarðastofu
2. Minnisblað um stöðu sauðfjárræktar
3. Rammi úthlutun Uppbyggingarsjóðs 2023
4. Mönnunarvandi heilbrigðisstofnana - minnisblað
5. Erindi frá starfshópi um tillögur um nýtingu vindorku
6. Fundaáætlun Vestfjarðastofu
7. Umsögn til Minjastofnunar, verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi
8. Lagt fram til kynningar
 - a. Fundargerð 83. fundar stjórnar SSV 6. september 2022
 - b. Fundargerð – 40. fundar stjórnar SSNE 7. september 2022 -
 - c. 586. stjórnarfundur SASS. 2. september 2022
 - d. 780. Stjórnarfundur SSS 15. ágúst 2022
 - e. 539. Stjórnarfundur SSH 12. september 2022 -
 - f. Aðalfundur SSV 1. júní 2022

Formaður setti fundinn og bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa í stjórn.

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Skýrsla framkvæmdastjóra
 - a. 6 mánaða yfirlit Vestfjarðastofu
Formaður gaf framkvæmdastjóra orðið og fór hún fyrir verkefni sem hefur verið unnið að frá síðasta fundi og fram að áramótum, eða 6 mánaða tímabil. Verkefni eru að mestu samkvæmt áætlun.
Stjórnarmenn spurðust fyrir um einstök verkefni og framkvæmdastjóri var fyrir svörum. Sérstök umræða var um aðkomu hagaðila að gerð svæðisskipulags samkvæmt ályktun 67. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti og hvernig væri tenging við tillögu að Strandsvæðaskipulagi Vestfjarða.

Stjórn Vestfjarðastofu samþykkir að beina því til innviðanefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga að tryggja aðild hagaðila að undirbúningi svæðisskipulags.

Stjórn Vestfjarðastofu vekur athygli á áhyggjum fulltrúa atvinnulífsins í stjórn Vestfjarðastofu um ónóga aðkomu atvinnulífs að vinnslu tillögu að strandsvæðaskipulagi.

Til máls tóku; Lilja Magnúsdóttir, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Kristján Jóakimsson, Neil Shiran Þórisson, Elísabet Gunnarsdóttir og Jóhanna Ösp Einarsdóttir.

b. Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2023.

Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit um rekstur janúar til júní. Fram kom í máli framkvæmdastjóra að enn eru stórir tekjubættir óljósir vegna reksturs næsta árs og m.a. er gerð samninga við Byggðastofnun ekki lokið.

c. Mannauðsmál Vestfjarðastofu

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu þætti varðandi mannauðsmál Vestfjarðastofu og samspil við gerð nýs skipurits fram undan. Aukinn kostnaður er við gerð þessa máls en áætlað er það vinnist innan ramma fjárhagsáætlunar.

Til máls tóku; Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Neil Shiran Þórisson, Elísabet Gunnarsdóttir, Kristján Jóakimsson, Lilja Magnúsdóttir, Nanný Arna Guðmundsdóttir og Aðalstein Egill Traustason.

2. Minnisblað um stöðu sauðfjárræktar

Minnisblað um stöðu sauðfjárræktar lagt fram. Minnisblaðið var unnið af Vestfjarðastofu með FV, SSV og SSVN. Óskað var tilnefningar Byggðastofnunar og umræddra landshlutasamtaka í starfshóp til að móta sértækar aðgerðir til að auka fjölbreytni í atvinnulífi svæðisins. Óskað tilnefningu í starfshópinn.

Stjórn Vestfjarðastofu tilnefnir Jóhönnu Ösp Einarsdóttur til setu í starfshópnum.

3. Rammi úthlutun Uppbyggingarsjóðs 2023

Minnisblað starfsmanna Vestfjarðastofu um ramma úthlutunar Uppbyggingarsjóðs vegna ársins 2023 lagt fram. Í minnisblaðinu eru lagðar til breytingar á flokkum Uppbyggingarsjóðs þannig að í stað þriggja flokka þar sem skipt er á milli menningar, atvinnu og nýsköpunar og stofn- og rekstrarstyrkja, verði sameinaðir flokkar menningar og atvinnu og nýsköpunar. Með því breytist umsóknarferlið þannig að umsækjandi sækir annað hvort um styrki til verkefna eða stofn og rekstrarstyrki.

Stjórn samþykkir að fresta afgreiðslu máls til 30. september n.k. og málið verði afgreitt með rafrænum hætti en staðfest á næsta stjórnarfundi.

Til máls tóku; Elísabet Gunnarsdóttir, Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Neil Shiran Þórisson og Kristján Jóakimsson.

4. Mönnunarvandi heilbrigðisstofnana – minnisblað

Lögð fram bókun bæjarstjórnar Vestmannaeyja frá 5. júlí 2022, vegna stöðu mönnunar

heilbrigðisstarfsfólks á heilsugæslustöðvum á landsbyggðinni, en bæjarstjórn Vestmannaeyja skorar á önnur sveitarfélög að taka undir umrædda bókun, eða bóka með sambærilegum hætti. Til máls tóku: Lilja Magnúsdóttir, Jóhanna Ösp Einarsdóttir og Elísabet Gunnarsdóttir. *Stjórn Vestfjarðastofu tekur undir bókun bæjarstjórnar Vestmannaeyja.*

5. Erindi frá starfshópi um tillögur um nýtingu vindorku
Lagt fram erindi frá Guðjóni Bragasyni hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi vinnu starfshóps Umhverfis- orku og loftslagsráðuneytis um nýtingu vindorku sem skila á tillögum í febrúar.
Erindið lagt fram til kynningar í stjórn Vestfjarðastofu.
6. Fundaáætlun Vestfjarðastofu
Lögð fram drög að tillögu að fundaráætlun frá september þessa árs til ágúst 2023.
Til máls tóku stjórnarmenn allir.
7. Umsögn til Minjastofnunar, verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi
Lögð fram til kynningar umsögn FV og Vestfjarðastofu um verndun og rannsóknir á fornleifum og byggðaarfi.
Til máls tóku: Jóhanna Ösp Einarsdóttir og Kristján Jóakimsson.
8. Lagt fram til kynningar
 - a. Fundargerð 83. fundar stjórnar SSNV 6. september 2022
https://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/fundergerdir_stjornar/2022/fundargerð-83.-fundar-stjornar-ssnv-6.-september-2022.pdf
 - b. Fundargerð – 40. fundar stjórnar SSNE 7. september 2022 -
<https://www.ssne.is/static/files/Fundargerdir/StjornSSNE22/fundargerð-40.-fundar.pdf>
 - c. 586. stjórnarfundur SASS. 2. september 2022 - <https://www.sass.is/586-fundur-stjornar-sass/>
 - d. 780. Stjórnarfundur SSS 15. ágúst 2022 - <https://sss.is/blog/fundir/780-stjornarfundur-sss-15-agust-2022/>
 - e. 539. Stjórnarfundur SSH 12. september 2022 -
<https://ssh.oneportal.is/MeetingSearch/DisplayMeeting.aspx?id=JhUKpSRV00qOnNLTAjatyQ1&text=>
 - f. Aðalfundur SSV 1. júní 2022 <https://ssv.is/wp-content/uploads/2022/06/168-fundur-stjornar-SSV-fundargerð.pdf>

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14.00.

Fullgild rafræn undirskrift

NANNÝ ARNA GUÐMUNDSDÓTTIR

Kennitala: 100870-3639
2023-01-18 11:19:07 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

ELÍSABET GUNNARSDÓTTIR

Kennitala: 120358-3409
2022-10-13 07:48:45 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

LILJA MAGNÚSDÓTTIR

Kennitala: 140860-3529
2022-10-11 13:44:15 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

KRISTJÁN GUÐMUNDUR JÓAKIMSSON

Kennitala: 190258-2549
2022-10-13 09:42:18 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

SIGRÍÐUR ÓLÖF KRISTJÁNSDÓTTIR

Kennitala: 120567-5789
2022-10-20 09:14:00 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

JÓHANNA ÖSP EINARSDÓTTIR

Kennitala: 030285-2479
2023-01-18 11:01:50 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

NEIL SHIRAN K ÞÓRISSON

Kennitala: 311077-5709
2022-10-11 13:54:24 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

MAGNÚS INGI JÓNSSON

Kennitala: 180692-4529
2022-10-11 13:57:07 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

ADALSTEINN EGILL TRAUSTASON

Kennitala: 240386-2599
2022-10-11 13:53:16 GMT
Ástæða: Undirskrift